



Borgarráð

Efni: Svar við framhaldsfyrirspurn um leigubílakostnað

Á fundi borgarráðs þann 7. mars 2019 var lagt fram svar við eftirfarandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins og Flokks fólksins:

1. *Hvað hefur Reykjavíkurborg greitt í leigubílakostnað á árunum 2018, 2017, 2016, 2015, 2014, 2013, 2012, 2011 og 2011?*
2. *Hvaða kjörnir fulltrúar hafa heimild til þess að nota leigubíla á kostnað Reykjavíkurborgar?*
3. *Hvaða embættismenn hafa heimild til þess að nota leigubíla á kostnað Reykjavíkurborgar?*
4. *Hver er kostnaður við innkaup, viðhalds og rekstur bíla sem starfsmenn borgarinnar ef velferðasvið er frá talið árin 2018, 2017, 2016, 2015, 2014, 2013, 2012 og 2011?*
5. *Er farið í útboð ef Reykjavíkurborg kaupir bíla?*
6. *Hver var kostnaður Reykjavíkurborgar við flugmiðakaup 2018, 2017, 2016, 2015, 2014, 2013, 2012 og 2011 sundurliðað eftir kjörnum fulltrúum og starfsmönnum?*
7. *Er farið í útboð þegar flugmiðar eru keyptir?*
8. *Falla vildarpunktur við flugmiðakaup í hlut borgarinnar eða þeirra starfsmanna sem ferðast út fyrir landsteinana?*

Á fundinum var lögð fram eftirfarandi framhaldsfyrirspurn vegna spurningar nr. 1 frá áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Hve stór er sá hluti leigubílakostnaðar sem ekið er með skjólstæðinga borgarinnar síðustu þrjú ár a.m.k?


Svar:

Samkvæmt svari sem kynnt var í borgarráði 7. mars sl. var kostnaður við leigubíla árin 2011–2018 eftirfarandi sundurliðað niður á ár¹:

2011	37.415.223 ISK
2012	42.771.599 ISK
2013	45.869.273 ISK
2014	49.432.261 ISK
2015	58.624.621 ISK
2016	61.781.546 ISK
2017	65.608.475 ISK
2018	69.512.241 ISK
Samtals	431.015.239 ISK

¹ Afmörkun: Lykill 5410 Leigubifreiðar, Tímabil 201101 – 201812.

Á eftirfarandi mynd er að finna þróun milli ára og sundurliðun eftir fagsviðum.



Fram kom að hluti af leigubílakostnaði væri vegna aksturs með skjólstæðinga borgarinnar sem ætti sérstaklega við um leigubílaútgjöld á velferðarsviði. Á tímabilinu 2016-2018 námu útgjöld Reykjavíkurborgar vegna leigubíla um 193,7 mkr, þar af námu útgjöld velferðarsviðs um 121,6 mkr eða um 62% af heildarútgjöldum borgarinnar á tímabilinu.

Af leigubílaútgjöldum velferðarsviðs er í 18,6% tilvika verið að aka með skjólstæðinga borgarinnar eða sem nemur 22,5 m.kr. á síðustu þremur árum.

Stærsti hluti leigubílakostnaðar velferðarsviðs er vegna starfsmanna. Kjarasamningar kveða á um rétt starfsmanna um ferðir þegar að almenningsvagnar ganga ekki. Í kjarasamningi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar kafla 5.4.2 kemur fram: *Hefjist vinnutími starfsmanns, eða sé hann kallaður til vinnu á þeim tíma, sem almenningsvagnar ganga ekki, skal honum séð fyrir ferð eða greiddur ferðakostnaður. Sama gildir um lok vinnutíma.* Þetta á við fyrir starfsmenn hjúkrunarheimila, þjónustuíbúða og íbúðakjarna.

Birgir Björn Sigurjónsson,

fjármálastjóri